

68. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs, haldinn á Teams fimmtudaginn 9.3 2023 kl. 16.

Mætt: Tómas Birgir Magnússon, Einar Freyr Elínarson, Sveinn Hreiðar Jenson, Æsa Guðrúnardóttir og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð.

Tómas Birgir Magnússon formaður setti fund og var gengið til dagskrár, sem lá fyrir í tölvupósti frá formanni:

- Næstu skref og aðkoma sveitarfélaganna  
Fram kom að sveitarfélögin stefna að því að auka aðkomu starfsmanna sveitarfélaganna að verkefnum jarðvangsins. Sigurður mun senda á stjórnarmenn fyrirbyggjandi samninga við tengiliði í sveitarfélögunum. Skilgreina þarf umfang vinnu við stjórnun og tengsl við UNESCO.
- Framlög sveitarfélaga 2023. Samþykkt að senda út reikninga á sveitarfélögin fyrir helmingi áætlaðra framlaga ársins.  
Einar þurfti að víkja af fundi að loknum þessum lið.
- Samþykktir jarðvangsins. Ákvörðun frestað.
- Önnur mál.  
Sigurður lagði fram eftirfarandi bókun:

Það er ánægjulegt ef sveitarfélög Kötlu jarðvangs ætla nú að snúa bökum saman við að vinna eftir markmiðum jarðvangsins eftir andvaraleysi síðustu ára. Fráfarandi framkvæmdastjóri jarðvangsins, Berglind Sigmundsdóttir, hefur unnið þrekvirki við að leiða starf jarðvangsins við þessar aðstæður. Ég hef unnið náið með henni undanfarin ár að málefnum jarðvangsins og get staðfest það að hún hefur lagt sig fram við verkefnið langt umfram það sem hægt er að ætlast til. Það ætti að vera umhugsunarefni fyrir stjórnarsýslu sveitarfélaganna að nýta slíkan mannauð ekki betur.

Stjórn jarðvangsins tekur heilshugar undir þessa bókun.

Stefnt að næsta stjórnarfundi í þar næstu viku.

Fleira ekki, fundi slitið kl. 17.